Byggðakönnun

Skólasvæðið Hvammstanga

Sveitarfélagið Húnaþing vestra

-Skjal í vinnslu-
Sveitarfélag og verkkaupi: Húnaþing vestra
Skipulagsráðgjafi: Teiknistofa Norðurlands

Húnaþing vestra

TEIKNISTOFA NORÐURLANDS

Dags. 16. júlí 2019

Inngangur

Byggðakönnun þessi er unnin samhliða deiliskipulagsgerð skólasvæðis á Hvammstanga og í samræmi við 37. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 um deiliskipulag og kröfur laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þar segir meðal annars:

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma“.

Byggingarár og stærð bygginga eru tilgreind samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins og skulu ártöl tekin með fyrirvara, þar sem reynslan hefur sýnt að oft ber skráningum um byggingarár ekki saman. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að skrá réttan höfund teikninga þeirra húsa sem skrásett eru. Aðrar upplýsingar eru ýmist fengnar úr bindum I og II úr sögu Hvammstanga, fundargerðum sveitarstjórnar Húnaþings vestra eða vefheimildum. Einnig er vísað í eldri fornleifaskráningar af svæðinu, t.d. vegna deiliskipulags hafnarsvæðisins á Hvammstanga og Kirkjuhvamms.

Fornleifaskráning var unnin í tengslum við gerð deiliskipulags skólasvæðisins á Hvammstanga. Vettvangsskráning fór fram 9. maí 2019 og var unnin af Guðnýju Zoëga fornleifafræðingi og Bryndísi Zoëga, landfræðingi. Í þessari byggðarkönnun er grein gerð fyrir helstu niðurstöðum þeirrar vinnu.

Farnar hafa verið nokkrar könnunarferðir um svæðið á vegum Teiknistofu Norðurlands sem einnig vann deiliskipulagstillöguna. Þær myndir birtar eru í þessari samantekt voru teknar 11. júlí 2019.

Við mat á varðveislugildi mannvirkja er beitt aðferðafræði sem ber nafnið „Survey of Architectureal Values in the Environment“ skammstafað SAVE. Þess ber að geta að varðveislugildi einstakra mannvirkja er aldrei hafið yfir gagnrýni og vafa. Nýjar upplýsingar eða breytingar geta leitt til þess að endurtaka þurfi mat og breyta varðveislugildi.

Þessi Byggðarkönnun verður uppfærð á auglýsingatíma skipulagsins þar sem heimildaröflun stendur enn yfir. Allar ábendingar og fróðleiksmolar eru vel þegnir og má gjarnan senda á netfangið arnar@tsnl.is eða atli@tsnl.is

Arnar Birgir Ólafsson og Atli Steinn Sveinbjörnsson
Teiknistofa Norðurlands

Könnunarsvæðið

Það svæði sem hér er fjallað um er 5,1 ha að stærð og afmarkast líkt og samnefnt deiliskipulag af götuköntum og lóðarmörkum. Skipulagsmörk eru að norðan við Hlíðarveg, að austan meðfram Kirkjuvegi og með lóðarmörkum Hvammstangakirkju að norðanverðu og í línu suður um útivistarsvæði að leikskóla og kvenfélagsgarði. Sunnanverð mörk miðast við lóðamörk við Garðaveg, Ásbraut og Lækjargötu og að vestan fylgja mörkin Hvammstangabraut, lóðarmörkum við hana, og Fífusundi.

Afmörkun könnunarsvæðis

Innan reitsins er í dag að finna fjölmörg smærri og stærri mannvirki en einkennandi eru byggingar sem þjóna grunnþjónustu ásamt tilheyrandi almenningsrýmum og útisvæðum. Húsin og viðbyggingar þeirra eru frá árunum 1939–2019.

Á svæðinu er ekki að finna ríkjandi húsagerð heldur eru byggingarnar fjölbreyttar að lögun og stærð. Þó eru mænisþök áberandi þakform og gefa byggðinni einkennandi yfirbragð. Svæði milli bygginga eru að mestu leyti frágengin og nýtt undir samgöngukerfi, sundlaugarsvæði ásamt leik- og íþróttasvæðum. Yfirborðið landsins einkennist því af malbiki, steypu og möl í götum, stæðum og stígum og grasflötum, grjóthleðslum, trjábeðum og malarsvæðum.

Innan byggðarkönnunarreitsins má þó enn sjá hluta þess landslags sem mætti fyrstu ábúendum svæðisins. Þar er fyrst að nefna fornar klappir sem standa upp úr grasflötunum á nokkrum stöðum og árgil Syðri-Hvammsár sem brýtur svæðið upp frá austri til vesturs. Þá má segja að landslagið í heild, halli þess og form séu á margan hátt lík því sem voru á landnámstímum þó vissulega hafi verið teknir stórir grunnar undir hús og götur lagðar

Margt er óljóst um upphaf og þróun byggðar á könnunarsvæðinu en eftir því sem er best vitað má segja að sagan sé á þessa leið:

Á landnámstímum sáu fyrstu ábúendur fljótlega að hvammurinn, sem nú heitir Kirkjuhvammur og er fyrir ofan þéttbýlið, hafi verið ákjósanlegur til búsetu. Þar eru betri túnstæði og hagar en neðar í landinu. Þar er einnig skjólsælla fyrir innlögninni sem berst frá norður Íshafinu. Tvær dragár, Ytri-Hvammsá og Syðri-Hvammsá safna til sín yfirborðsvatni, sameina lækjarsytrur og falla niður úr Vatnsnesfjalli rétt sunnan við og norðan við gamla bæjarstæðið. Árnar tvær leita síðan frá hvor annarri, önnur suðvestur en hin norðvestur. Syðri-Hvammsá rennur niður frá hvamminum, liðast um landið, afhjúpar jarðlög og myndar gil og fossa þar til hún fellur til sjávar rétt sunnan við tangann sem þéttbýlið er kennt við. Forðum daga og lengi vel stóðu naust við ströndina sem nýtt voru af ábúendum Hvamms. Í því sambandi má nefna að í heimildum frá því um 1200 er getið um lendingar í Hvammsnausti í Miðfirði.

Elsta skriflega heimildin um Hvamm er frá 1318 en nafnið Kirkjuhvammur kemur fyrst fram árið 1406 þegar jörðin er seld. Í þeim samningi segi um landamerki Kirkjuhvamms og Syðsta Hvamms: „Sagdi einar þesse lanndamerki mille synsta hvammz. ad lækur sa riedi ad fielli j mille nausta ofan j sio og upp í riettsyne j lækiarbug. ...“.

Í rannsóknarskýrslu í Byggðasafni Skagfirðinga vegna fornleifaskráningar svæðisins segir m.a. um sögu skipulagssvæðisins: „Þéttbýlið Hvammstangi byggðist upp í landi jarðanna Kirkjuhvamms og Syðsta-Hvamms og skipti Syðri Hvammsá löndum. Deiliskipulagssvæðið var bæði norðan og sunnan Syðri-Hvammsár og er því í löndum beggja jarða. Svæðið liggur nokkru neðar en bæjarstæði jarðanna og utan heimatúna. Á elsta korti sem til er af þéttbýlinu, frá 1912, eru engar sýnilegar byggingar innan skipulagsreitsins og heimildamenn könnuðust ekki við fornleifar á svæðinu.“



Skipulagssvæðið (rauð afmörkun) sett inn á kort af Hvammstanga frá 1912. Teiknistofa Norðurlands

Á því svæði sem þessi byggðarkönnun nær yfir er stór hluti árgils Syðri-Hvammsár og fyrstu mannvirkin á svæðinu hafa líklega verið götuslóðar milli strandar og Hvamms, tenging milli sjávar og sveita, útvegs og landbúnaðar. Seinna urðu þessir slóðar að Kirkjuhvammsvegi og Skólavegi.

Upphaflega hefur svæðið verið grösum og kjarri vaxið. Þar hefur mátt finna íslensku víðitegundirnar, gulvíðir, grávíði, loðvíði og grasvíði ásamt líklega fjalldrapa og birki. Líklega hafa þá einnig einstök reynitré skotið rótum í skjóli kjarrsins. Þessi gróður hefur svo hörfað með auknum umsvifum manna og grasbýta eftir því sem aldirnar liðu en samkvæmt heimildum óx aðeins kjarr og skógar á helmingi býla í Húnavatnssýslu á 18. öld.

Á könnunarsvæðinu má sjá sömu klappir og mættu landnámsmönnum forðum daga.

Kirkjuhvammshreppur hinn forni var kenndur við bæinn í hvamminum. Þar var kirkja og þingstaður sveitarinnar. Elstu heimildir um kirkju eru frá árinu 1318 en sú kirkja sem stendur enn í dag var byggð árið 1882.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar var sú að þó að engar fornleifar hafi fundust á svæðinu þá gætu þær leynst neðanjarðar og komið í ljós við framkvæmdir. Í fornleifaskráningunni kemur fram að loftmynd frá 1974 sýnir tvö horfin hús innan skipulagsreitsins. Um þau hús segir að samkvæmt Þórði Skúlasyni sem hefur tekið saman sögu og byggingarár húsa á Hvammstanga, hafi annað húsið verið svokölluð Gufubaðstofa (síðar Gufunes) byggt 1939 en hitt húsið fjárhús byggt eftir 1950. Þessi hús teljast því ekki til fornleifa.

Byggð fór að rísa á Hvammstanga um aldarmótin 1900 og kauptúnið varð að sérstökum hreppi árið 1938 og stuttu síðar eða laust eftir 1940 fór Kirkjuhvammur í eyði. Þess má geta að baðstofa Kirkjuhvamms er nú varðveitt í Byggðasafni Húnaþings og stranda.

Segja má að núverandi uppbygging á svæðinu hafi hafist við byggingu Hvammstangakirkju árið 1957. Guðjón Samúelsson á heiðurinn af hönnun kirkjunnar en Snorri Jóhannesson húsasmíðameistari sá um byggingu hennar. Fjölmargir íbúar kauptúnsins komu að smíði kirkjunnar með því að gefa eitt eða fleiri dagsverk. Kirkjan var vígð sama ár og þá var byggingu hennar að mestu lokið. Á loftmynd frá 1957 sést að kirkjan er eina byggingin á könnunarsvæðinu ef frá eru talin nokkur hús og skúrar sunnan við ánna og ofan við Garðaveg. Á þeirri loftmynd sést að búið er að setja inntaksþró fyrir sláturhúsið í ána ásamt lögn sem þverar hana frá norðri til suðurs þar sem seinna hafa verið byggðar göngu- og hjólabrýr.

Hluti svæðisins. Horft norður yfir Syðri-Hvammsá með grunnskólann fyrir miðri mynd og Hvammstangakirkju á hægri hönd.

Nokkrum árum fyrr eða árið 1952 gaf Sigurður Davíðsson bóndi í Syðsta-Hvammi Kvenfélaginu Björk lóð undir skrúðgarð. Sett var skilyrði um að skrúðgarðurinn yrði byggður á næstu árum og ekki mætti nota svæðið undir annað. Lítið var unnið að ræktun í garðinum fyrstu árin en um 1960 var farið að vinna við hann af meiri krafti einkum af frumkvæði Jósefínu Helgadóttur. Garðurinn fékk nafnið Bjarkarás og um 1960 var stytta eftir Guðmund frá Miðdal afhjúpuð og stóð hún í miðjum gosbrunni garðsins.

Saga Grunnskóla Húnaþings vestra innan skipulagssvæðisins er með þeim hætti að árið 1956 samþykkti hreppsnefnd lauslega staðsetningu skóla og vinna við bygginguna hófst síðsumar 1959. Húsið varð fokhelt haustið 1960 og kennsla hófst í Barnaskólanum á Hvammstanga í janúar 1962. Í því voru þrjár kennslustofur, kennarastofa og áhaldageymsla. Breiður gangur í syðri álmunni var notaður til leikja og íþróttakennslu og við hann var búningsaðstaða og sturtur. Árið 1982 hófst vinna við stækkun skólans. Tveggja hæða viðbygging með risi var byggð með sex almennum kennslustofum, smíðastofu, handavinnustofu, rúmgóðum opnum rýmum á hvorri hæð og í risi byggingarinnar var bókasafni skólans komið fyrir. Neðri hæðin var tekin í notkun árið1986 en sú efri 1989. Á lóð skólans hafa fjölmörg smærri mannvirki verið sett upp

í formi gangstétta, trappna, leiktækja og íþróttamannvirkja. Árið 2005 var til að mynda byggður upp sparkvöllur rétt vestan og sunnan við skólann og nú á sumarmánuðum ársins 2019 stendur yfir uppbygging á hreystibraut austan við sparkvöllinn.

Bygging núverandi íþróttamiðstöðvar hófst með því að árið 1978 fór af stað bygging á sameiginlegri búningsaðstöðu fyrir sundlaug og íþróttahús. Árið 1982 var byggingu 25 metra sundlaugarinnar lokið. Íþróttahús var seint og um síðir byggt við búningsaðstöðuna og vígt árið 2002. Árið 2014 var sett upp vatnsrennibraut ásamt tæknirými, hluti girðingar breytt og nýr barnapottur gerður. Byggt var aftur við íþróttahúsið 2018.

Hafist var handa við byggingu á nýjum leikskóla á Hvammstanga árið 1990 og byggingin gerð fokheld það ár. Árið 1994 var leikskólinn tekin í notkun. Árið 2002 var leiktækjageymsla smíðuð í áhaldahúsi sveitarfélagsins og sett niður rétt fyrir framan syðri enda leikskólabyggingarinnar. Byggt var myndarlega við leikskólann á árunum 2006-2007 og hann með því stækkaður töluvert.

Af öðrum framkvæmdum á svæðinu má nefna að ný göngu- og hjólabrú leysti þá eldri af hólmi á árunum 2017-2018 og árið 2019 var sett niður lítil spennistöð á vegum Rarik austan við Íþróttamiðstöðina.

Samkvæmt tillögu að nýju deiliskipulagi stendur til að stækka grunnskólann töluvert til norðurs og austurs. Þá er einnig heimild fyrir stækkun íþróttahúss í austur þar sem m.a. er gert ráð fyrir hugsanlegri stækkun búningsklefa og mögulegri innandyra tengingu við grunnskólabyggingu. Skipulagstillagan gerir einnig grein fyrir töluverðri uppbyggingu göngu- og hjólastíga um svæðið. Mikil áhersla var lögð á að klettar og náttúrulegt landslag svæðisins yrði verndað fyrir skemmdum með því að hafa byggingareiti hvergi yfir slík svæði.

Að þessu sögðu er ljóst að uppbyggingusvæðisins er hvergi nærri lokið enda er hér miðstöð fyrir fjölbreytta og síbreytilega starfsemi. Einnig er svæðið ennþá mikilvægt varðandi samgöngur upp í Hvamm og milli bæjarhluta á Hvammstanga því að þó að ekki sé lengur búið í Kirkjuhvammi þá stendur þar ennþá gamla kirkjan og eini kirkjugarðurinn á Hvammstanga. Einnig hefur síðustu áratugina verið byggt upp myndarlegt tjaldsvæði, íþróttasvæði og hestaíþróttasvæði að ógleymdu skógræktarsvæði í Hvamminum. Akvegurinn upp í Hvamm liggur að hluta til meðfram könnunarreitnum en innan hans og meðfram farvegi Syðri-Hvammsár liggur göngustígur sem tengir saman Hvamminn og Hvammstanga.

Á næstu blaðsíðum verður grein gerð fyrir helstu mannvirkjum á svæðinu.

Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra Byggingarár 1978

Hlíðarvegur 6

Upphafleg notkun Búningsaðstaða og sundlaug

Hönnun
Ormar Þór Guðmundsson
Örnólfur Hall arkitektar

Upphafleg gerð		**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
-Tegund	Steinsteypt	2002 Íþróttahús byggt við húsið	
-Klæðning	Múrhúð og bárujárn	2014 Vatnsrennibraut 2	
-Þakgerð	Einhalla	Tæknirými og girðing	
-Þakklæðning	Bárujárnsklætt	Barnalaug	
-Undirstöður	Steinsteyptar	2018 Viðbygging við íþróttahús	

Upphaflegt útlit og saga

Einlyft 451m2 bygging með stórum gluggaflötum. Lóð 8669 m^2. Hafist var handa við hönnun sundlaugar og íþróttahúss árið 1975. Sundlaugarhúsið var risið árið 1978 en sundlaugin tekin í notkun árið 1982. Það var lengi í umræðunni að fullklára íþróttamiðstöðina og það tókst í september 2002 þegar íþróttahúsið var vígt eða tuttugu árum eftir að sundlaugin var opnuð. Byggingarsagan var nokkuð stormasöm vegna deilna innan héraðs og við arkitekta sundlaugarinnar. Íþróttahús var byggt við sundlaugarhúsið á árunum 2001-2002. Byggingefnið er steinsteyptir sökklar og veggir um einn metri á hæð. Ofan á þá kemur stálgrind sem er klædd er að utan með yleiningum sem klæddar eru að innan með eldvarnargipsi. Íþróttahúsið er sambyggt sundlauginni og með sameiginlega búningsaðstöðu. Byggt var við íþróttahúsið árið 2018 um 300m^2 steinsteypt bygging.

Varðveislumat

-Byggingarlist	Lágt	Ósamstæðar byggingar, hlutföll og efnisnotkun rýra mjög gildið
-Menningarsögulegt gildi	Miðlungs	Samfélags- og sögulegt gildi
-Umhverfisgildi	Lágt	Húsið fellur vel að umhverfi sínu en viðbyggingar síður
-Upprunalegt gildi	Miðlungs	Lítið breytt en stórar viðbyggingar hafa breytt heildarásýnd
-Tæknilegt ástand	Hátt	Ástand bygginga er gott
Varðveislugil	**Ekki er gerð sértök tillaga að verndun húss**	

Hlíðarvegur 6

Upphafleg notkun Spennustöð Rarik **Hönnun**

Upphafleg gerð		**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
-Tegund	Timburhús / járngrind		
-Klæðning	Timbur		
-Þakgerð	Mænisþak		
-Þakklæðning	Járnklætt		
-Undirstöður	Steinsteyptar		

Upphaflegt útlit og saga

Lítið einlyft timburhús. Húsið stendur á 40m^2 lóð. Húsið kom tilbúið og var sett niður á sinn stað árið 2019.

Varðveislumat

-Byggingarlist	Lágt	Stöðluð bygging, lítið gildi
-Menningarsögulegt gildi	Lágt	
-Umhverfisgildi	Lágt	Fellur inn í nánasta umhverfi ekki mikilvægur partur götumyndar
-Upprunaleg gerð	Hátt	Húsið er ekki breytt
-Tæknilegt ástand	Hátt	Nýtt hús í mjög góðu ástandi
Varðveislugil	**Ekki er gerð sértök tillaga að verndun húss**	

Grunnskóli Húnaþings vestra — Byggingarár 1964

Kirkjuvegur 1

Upphafleg notkun Barnaskóli

Hönnun
G. Jónsson, Húsameistari Ríkisins

Upphafleg gerð

-Tegund	Steinsteypt
-Klæðning	Múrhúð
-Þakgerð	Mænisþak
-Þakklæðning	Bárujárnsklætt
-Undirstöður	Steinsteyptar

Helstu breytingar
1984 Viðbygging

Hönnuðir breytinga
Magnús Skúlason
Sigurður Harðarson
Valdimar Harðarson

Upphaflegt útlit og saga
Einlyft hús með kjallara, 592m^2. Lóð 12626m^2. Vorið 1954 hófst undirbúningsvinna við byggingu nýs barnaskóla á Hvammstanga. Í húsinu var gert ráð fyrir tveimur kennslustofum, handavinnuherbergi, leikfimisgangi, búningsklefa, kennaraherbergi, geymslum, salernum ofl. Teikning er dagsett 25. júlí 1958. Byggt var við húsið 1984. Steinsteypt bygging 967m2 ásamt tengigangi úr gleri og steinsteypu.

Varðveislumat

-Byggingarlist	Miðlungs	
-Menningarsögulegt gildi	Hátt	
-Umhverfisgildi	Miðlungs	
-Upprunaleg gerð	Miðlungs	Lítið breytt frá upphaflegri gerð en viðbyggingar breyta heildarásýnd
-Tæknilegt ástand	Hátt	
Varðveislugildi	**Ekki er gerð sértök tillaga að verndun húss**	

Hvammstangakirkja Byggingarár 1957

Kirkjuvegur 2

Upphafleg notkun Sóknarkirkja Hvammstangasóknar

Hönnun
Guðjón Samúelsson

Upphafleg gerð

-Tegund	Steinsteypt
-Klæðning	Múrhúð
-Þakgerð	Mænisþak / turnþak
-Þakklæðning	Bárujárnsklætt
-Undirstöður	Steinsteyptar

Helstu breytingar
2003 Viðbygging
-Safnaðarheimili

Hönnuðir breytinga
Haraldur V. Haraldsson

Upphaflegt útlit og saga
Einlyft hús með turni, 176m^2. Lóð 2613m^2. Snorri Jóhannesson smiður á Hvammstanga hafði umsjón með smíðinni. Safnaðarheimili 270m^2. Glerhýsi tengir byggingarnar saman og kemur þvert á innanverða kirkjuna og nýtist sem svæði fyrir kirkjugesti. Safnaðarheimilið er áfast kirkjunni. Í því er einnig kjallari fyrir geymslur. Í húsinu er skrifstofa fyrir safnaðarstarf, eldhús, vinnurými, fatageymsla og snyrtingar. Ný loftræsting var gerð fyrir alla bygginguna. Ráðbarður sf. annaðist teikningar og ráðgjöf. Tveir smiðir ehf. á Hvammstanga sáu um smíðina. Safnaðarheimilið var vígt árið 2007 á 50 ára afmæli kirkjunnar.

Varðveislumat

-Byggingarlist	Hátt	Viðbygging í góðu jafnvægi við kirkjubyggingu
-Menningarsögulegt gildi	Hátt	
-Umhverfisgildi	Hátt	Mikilvægt kennileiti
-Upprunaleg gerð	Miðlungs	Lítið breytt frá upphaflegri gerð en viðbygging breytir heildarásýnd
-Tæknilegt ástand	Hátt	Húsið er í góðu ástandi
Varðveislugildi		

Útivistarsvæði við gljúfur Syðri-Hvammsár

Syðri-Hvammsá

Upphafleg notkun
Götuslóðar, beit og önnur landnýting í landi Hvamms, síðar Kirkjuhvamms og Syðsta-Hvamms

Umhverfi og saga
Fjölbreytt gróðurlendi með árgili Syðri-Hvammsár. Hluti af stærra útivistarsvæði sem teygir sig frá ósi Syðri-Hvammsár við Hvammstanga og upp eftir Kirkjuhvammi og Vatnsnesfjalli. Útivistarsvæðið nær einnig norður að Ytri-Hvammsá ofan þéttbýlis og norður að Blettinum þar sem Sigurður Eiríksson hóf ræktun trjágróðurs árið 1957. Göngustígur liggur upp með ánni og yfir hana liggur ný göngu- og hjólabrú. Lítið mannvirki, gömul inntaksþró er steypt í árgilið við brúnna. Forðum var á svæðinu kjarr, grös og annar undirgróður en á síðari öldum hvarf trjágróður að fullu svo að á 18. öld var skógur og kjarr horfið. Byrjað var að rækta trjágróður á svæðinu á árunum í kringum 1990 og nú er umhverfið sífellt að taka á sig sterkari ásýnd gisins skógar.

Breytingar og ásýnd
Auk gamalla íslenskra trjátegunda vaxa hér einnig sígrænar furur, greni, lerki og fleiri tegundir. Kerfill er farinn að gera sig heimakominn við ánna ásamt lúpínu en miklar breiður af þessum tveimur plöntum eru skammt frá þessum hluta árgilsins. Skógræktarskilyrði eru ekki ákjósanleg m.a. sökum vorkulda og þurrka og gróður vex hægar en víða annarsstaðar. Engu að síður eru ræktunarskilyrðin sæmileg og trjágróður á svæðinu stækkar með hverju árinu sem líður. Yfir hásumarið er yfirleitt lítið vatn í ánni en í vorleysingum fossar vatn niður gilið. Varasamt getur verið við ánna þegar snjóa- og klakalög hylja gilin.

Varðveislumat

-Menningarsögulegt gildi	Miðlungs
-Umhverfisgildi	Hátt
-Upprunaleg gerð	Miðlungs
-Varðveislugildi	Hátt

Vatnsinntaksþró Byggingarár 1954 eða fyrr

Syðri-Hvammsá

Upphafleg notkun Steinsteypt vatnsinntaksþró

Hönnun
Guðjón Samúelsson

Upphafleg gerð

-Tegund	Steinsteypt
-Klæðning	Sjónsteypta / borð
-Þakgerð	Hleri
-Þakklæðning	Timbur
-Undirstöður	Steinsteyptar

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Upphaflegt útlit og saga

Steinsteypt vatnsinntaksþró. Ástand virðist vera sæmilegt. Þróin safnar vatni úr Syðri-Hvammsá. Úr henni liggur pípa niður í gamla sláturhús Kaupfélags Vestur-Húnvetninga. Vatnið úr þrónni er notað sem kælivatn á frystivélarnar þar. Um er að ræða aspestlögn 3“ í þvermál.

-Byggingarlist	Lágt	
-Menningarsögulegt gildi	Miðlungs, hluti af atvinnusögu	
-Umhverfisgildi	Miðlungs	Kennileiti
-Upprunaleg gerð	Miðlungs	Mannvirkið er lítið breytt frá upphaflegri gerð
-Tæknilegt ástand	Miðlungs	Ástand mannvirkis er sæmilegt
Varðveislugildi		

Syðri-Hvammsá

Upphafleg notkun Göngu- og hjólabrú

Hönnun
Arnar Birgir Ólafsson

Upphafleg gerð
-**Tegund** Límtré
-**Handrið** Límtré
-**Þakgerð** Mænisþak
-**Þakklæðning** Timbur
-**Undirstöður** Steinsteyptar

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Upphaflegt útlit og saga
Límtrésbrú á steyptum á brúarstöpplum. Brúin er 6.8 tonn að þyngd, 2,55 metrar að breidd, 15,9 metrar á lengd og 3,2 metrar á hæð. Brúin var í grunninn smíðuð hjá Límtré-vírnet á Flúðum og flutt til Hvammstanga samsett. Þar var hún sett á steypta sökkla. Þak og handrið var smíðað eftir að brúin var fest niður. Við smíð brúarinnar var fræst fyrir lýsingu og klárað var að tengja ljósin árið 2018. Smíðateikningar brúarsökkla, Verkfræðistofan Efla og Ráðbarður sf. á Hvammstanga. Teikningar af burðarvirki brúarinnar og smíði á Flúðum Límtré-Vírnet. Eftir er að bæsa þak og handlista. Brúin leysti af hólmi eldri brú og minni sem komin var til ára sinna.

-Byggingarlist	Fyrsta yfirbyggða göngu- og hjólabrú sinnar tegundar hérlendis	
-Menningarsögulegt gildi	Lágt	Lítið menningarsögulegt gildi
-Umhverfisgildi	Miðlungs	
-Upprunaleg gildi	Hátt	Nýtt og óbreytt mannvirki
-Tæknilegt ástand	Hátt	Nýtt mannvirki í góðu ástandi
Varðveislugildi	**Ekki gerð sérstök tillaga að verndun mannvirkis**	

Íbúðarhús / geymsla Byggingarár 1939

Garðavegur 3

Upphafleg notkun Einbýlishús **Hönnun**

Upphafleg gerð		**Helstu breytingar**	**Hönnuðir breytinga**
-Tegund	Steinsteypt	Ártal óþekkt -viðbygging	
-Klæðning	Múrhúð / timbur		
-Þakgerð	Mænisþak		
-Þakklæðning	Timbur		
-Undirstöður	Steinsteyptar		

Upphaflegt útlit og saga

Einlyft hús 77,8 m^2. Lóð 400m^2. Ekki er vitað um breytingar en norðurhluti hússins virðist vera seinni tíma viðbygging. Húsið er ekki í notkun og er orðið mjög hrörlegt. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir því að húsið verði rifið. Húsið stendur í fyrirhugaðri stígatengingu Garðavegs við grunnskólann og á fyrirhuguðu leik- og dvalarsvæði. Ærslabelgur var staðsettur við húsið árið 2018.

-Byggingarlist	Lágt	
-Menningarsögulegt gildi	Lágt	
-Umhverfisgildi	Lágt	
-Upprunaleg gerð	Lágt	Húsinu hefur verið breytt frá upprunalegri gerð
-Tæknilegt ástand	Lágt	Húsið er í slæmu standi
Varðveislugildi	**Aðalskipulag gerir ráð fyrir niðurrifi**	

Skúr Byggingarár óþekkt

Garðavegur

Upphafleg notkun Geymsluhús **Hönnun**

Upphafleg gerð **Helstu breytingar** **Hönnuðir breytinga**

-Tegund	Timburhús
-Klæðning	Bárujárn / timbur
-Þakgerð	Mænisþak
-Þakklæðning	Bárujárnsklæðning
-Undirstöður	Timbur

Upphaflegt útlit og saga

Húsið er illa farið og opið fyrir veðri og vindum. .

-Byggingarlist	Lágt	
-Menningarsögulegt gildi	Lágt	
-Umhverfisgildi	Lágt	
-Upprunaleg gerð	Miðlungs	Húsið líklega líkt upprunalegri gerð
-Varðveislugildi	**Mjög lítið og gert er ráð fyrir að húsið verður fjarlægt eða rifið.**	

Leikskólinn Ásgarður Byggingarár 1994

Garðavegur 7

Upphafleg notkun Leikskóli

Hönnun
Magnús Skúlason

Upphafleg gerð

-Tegund	Timburhús
-Klæðning	Timbur
-Þakgerð	Mænisþak
-Þakklæðning	Bárujárn
-Undirstöður	Steinsteypa

Helstu breytingar
2007 Viðbygging

Hönnuðir breytinga
Magnús Skúlason

Upphaflegt útlit og saga
Einlyft hús. Lóð 3769,4m^2. Byggt var við leikskólann árið 2006-2007 194 m^2. Húsið er í góðu standi. Hafist var handa við að byggja árið 1990. Byggingin er samtals 472 m^2 með viðbyggingu. Lítið geymsluhús var byggt fyrir framan leikskólabygginguna árið 2002. Hönnuður þess var Haraldur V. Haraldsson arkitekt.

Varðveislumat

-Byggingarlist	Miðlungs	
-Menningarsögulegt gildi	Miðlungs	
-Umhverfisgildi	Hátt	Sannfærandi og heildstæða ásýnd. Húsið situr vel í umhverfi sínu.
-Upprunaleg gerð	Miðlungs	
-Tæknilegt mat	Hátt	
Varðveislugildi		

Bjarkarás Uppbygging hófst 1952

Garðavegur 9

Upphafleg notkun
Beit og önnur landnýting í landi Hvamms, síðar Syðsta-Hvamms og frá 1952 sem skrúðgarður.

Umhverfi og saga
Í ágúst 1952 gaf Sigurður Davíðsson, titlaður bóndi í Syðsta-Hvammi, Kvenfélagi Hvammstanga lóð til að félagið gæti komið sér upp skrúðgarði. Sett var skilyrði um að skrúðgarðurinn yrði framkvæmdur á næstu árum á eftir og ekki mætti nota svæðið undir annað. Uppbygging garðsins hófst ekki af fullum krafti fyrr en um 1960 en garðurinn hlaut nafnið Bjarkarás. Skrúðgarður byggður upp með klassískum / sígildum hætti. Aðgengi er frá bílastæði og gangstétt við Garðaveg. Hlið er við inngang merkt nafni garðsins, Bjarkarás. Þaðan liggur hellulögð gangstétt beint upp að gosbrunni við enda garðsins sem er umkringd skeifulaga trjábelti.

Breytingar og ásýnd
Mannvirki og skipulag hafa lítið breyst í gegnum tíðina en garðurinn þarfnast viðhalds. Stytta gosbrunnsins frá árinu 1960 var gerð upp árið 2014 og en nú geymd í sal veitingarstaðarins Sjávarborgar á Hvammstanga.

Varðveislumat

-Byggingarlist	Miðlungs	Byggður upp með sígildum formum skrúðgarða
-Menningarsögulegt gildi	Hátt	
-Umhverfisgildi	Hátt	
-Upprunaleg gerð	Hátt	
-Tæknilegt ástand	Lágt	Garðurinn þarfnast viðhalds
Varðveislugildi	**Garðurinn hefur mikið varðveislugildi**	

Heimildir

Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Pétur Jónsson (2007). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Kirkjuhvammi, Hvammstanga. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2007/60.

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2011). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hvammstanga. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2011/118.

Óskar Leifur Arnarson og Sólveig Hulda Benjamínsdóttir (2017). Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á hafnarsvæði Hvammstanga, Vestur-Húnavatnssýslu. Patreksfirði.